

Landsnet hf  
Gylfaflöt 9  
112 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. nóvember 2013  
Tilvísun: UST20131000229/bs

## Mat á umhverfisáhrifum - Kerfisáætlun Landsnets 2014 - 2023. Umsögn

Vísað er til bréfs Landsnets dags. 31. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matslýsingu.  
Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við matslýsingu.

**Skilgreining umhverfispáttta:** Umhverfisstofnun telur að í matsáætlun þurfi að taka mið af dómi Hæstaréttar nr. 671/2008 vegna fyrirhugaðrar veggrenningar um Teigsskógr Þar sem skilgreint er nánar til hvaða umhverfispáttta sé unnt að horfa til við mat á umhverfisáhrifum. Í dómnum segir m.a.: „*Grundvallarþættir í tilgangi og markmiði framkvæmdar geti ekki jafnframt talist sjálfstætt til afleiðinga slíkrar framkvæmdar, sem horft yrði til við mat á umhverfisáhrifum.*“ Í þessu samhengi bendir Umhverfisstofnun á töflu 5.5 á bls 7 þar sem tiltekinn er umhverfispátturinn "samfélag" sem í raun ætti að flokkast undir markmið en ekki sjálfstæðan umhverfispátt.

**Umhverfispættir:** Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort markvissara væri við mat á umhverfisáhrifum kerfisáætlunar að líta til þeirra þátta sem helst hafa valdið ágreiningi í tengslum við fyrirhugaðar línulagnir á undanförnum árum, þ.e. sjónræn áhrif, áhrif á landslag, áhrif á víðerni og áhrif á upplifun ferðamanna. Umhverfisstofnun telur að líta eigi fyrst og fremst til þessara umhverfispáttta þegar metin eru frumáhrif fyrstu kosta áætlunarinnar. Stofnunin telur að ítarlegri greining umhverfispáttta eins og áhrif á loftslag og fleira ætti að koma fram í mati á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda síðar í ferlinu.

**Mótvægisaðgerðir:** Í lýsingu kemur fram að *megintilgangur matsvinnu* sé m.a. að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun telur að lýsa eigi nánar í matsskýrslu hvaða aðgerðir komi til greina í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum þegar um mannvirkni eins og háspennulínur er að ræða. Stofnunin telur að ekki sé nægjanlegt að lýsa mótvægisaðgerðum vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa á þann veg að mannvirkin verði felld vel að landi. Stofnunin vill í þessu sambandi benda á skýrslu sem unnin er af umhverfisfyrvöldum í Danmörku og fyrirtækinu Energinet.DK, *Forskönnelse af 400 kV-nettet*. Hér er eins og nafnið bendir til verið að fjalla um úrbætur á því kerfi sem þegar er til staðar, en ýmislegt er að mati Umhverfisstofnunar mjög vel unnið í þessari skýrslu. Þar kemur t.d. fram að við úrbætur á línum sem taldar eru af einhverjum ástæðum til lýta eru

einungis talðar vera þrjár leiðir færar. 1. Leggja jarðstreng styrti vegalengdir. 2. Velja aðra línuleið á stuttum köflum. 3. Velja aðra gerð af möstrum sem henta betur aðstæðum á viðkomandi línuleið. Hér er að líkendum um einu raunhæfu mótvægisáðgerðina að ræða þegar um mannvirki eins og háspennulínur er að ræða og telur Umhverfisstofnun að slík umfjöllun eigi heima við mat á umhverfisáhrifum kerfisáætlunar.


**Víðerni:** Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi sérstaklega í umhverfismati kerfisáætlunar um möguleg áhrif bygginga háspennulína á víðerni. Stofnunin telur að slík mannvirkjagerð á hálandi Íslands verði mjög umdeild og því ætti að fara fram ítarleg umræða um slíkar framkvæmdir þegar á fyrstu stigum áætlunarinnar, þannig að góður tími gefist til að kanna alla valkost sem fyrir hendi eru.

**Valkostir:** Umhverfisstofnun telur að þar sem um nýjar línuleiðir er að ræða eigi að gera grein fyrir öllum valkostum, þar á meðal lagningu jarðstrengs. Einnig verði gerð grein fyrir hvort ákveðnar línuleiðir henti sem strengleiðir i framtíðinni ef ráðist verður í lagningu háspennulína í jörð með svipuðum hætti og í Danmörku.

**Greining rafkerfisins:** Í fyrrnefndri skýrslu Dana kemur fram að gerð hefur verið landslagsgreining í Danmörku þar sem skilgreindar hafa verið helstu landslagsgerðir (landskabstyper) og hversu vel eða illa hinum ýmsu landslagsgerðir þoli mannvirki eins og háspennulínur. Niðurstaða slíkrar greiningar getur verið vísbinding um hvor mögulegt sé að reisa háspennulínur þannig að sjónræn áhrif og áhrif á landslag verði sem minnst. Í framhaldi af þessari greiningu hafa verið skilgreindir "hotspots" í núverandi rafkerfi þar sem ekki hefur verið tekið nægjanlegt tillit til sjónrænna áhrifa þegar viðkomandi línur voru byggðar. Umhverfisstofnun telur að Landsnet ætti að nýta þessa aðferðafræði Dana til að greina samspil háspennulína og landslags bæði m.t.t. til núverandi kerfis en einnig þeirra lína sem ráðgert er að byggja á gildistíma kerfisáætlunar. Umhverfisstofnun bendir að lokum á að Ísland hefur skuldbundið sig til að taka mið af Evrópska Landslagssáttmálanum í stefnumörkun og áætlunum.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda lýsingu.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Gutormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefansson  
sérfræðingur